

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. maí 2009  
Tilvísun: UST20090500093/bs


### Stækkun fræðslumiðstöðvar við Hakið á Þingvöllum. Umsögn.


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða viðbót við mannvirki sem fyrir eru. Tekið hefur verið tillit til fyrri ábendinga Umhverfisstofnunar um meðhöndlun frárennslis. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að jarðraski við framkvæmdir verði haldið í lágmarki.

Að teknu tilliti til ofangreindar sjónarmiða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Umhverfisstofnun vill að öðru leyti ítreka það álit sem fram kom í fyrri umsögn stofnunarinnar dags. 1. apríl 2008.

Virðingarfyllt

  
Björn Steinarsson

  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri